

Tillögur starfshóps um móttöku og aðlögun barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd.

sjá nánar: *Velkomin - skýrsla starfshóps um móttöku og aðlögun barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd í skóla- og frístundastarf og fylgiskjöl hennar.*

Tillögur:	Aðgerð	Hvenær	Sam- starf	Ábyrgð	Kostn. 2019	Kostn. 2020	Kostn. 2021	Athugasemdir
1. Velkomin í hverfið þitt	Móttökuáætlunin „Velkomin í hverfið þitt“ verði innleidd í öll hverfi borgarinnar. Með verkefninu er lögð áhersla á heildræna nálgun við móttöku nýrra fjölskyldna með börn á leik- og grunnskólaaldri. Að verkefninu komi fulltrúar grunnskóla sem er fyrsti áfangastaður í móttökunni, fulltrúar leikskóla ef barn er á leikskólaaldri, fulltrúi frístundamiðstöðvarinnar og fulltrúi þjónustumiðstöðvarinnar. Sérstaklega verði hugað að fjölskyldum í viðkvæmri stöðu.	Hafið í Árbæ stefnt að því að þessu verði komið á í öllum hverfum í lok árs 2019	VEL-SFS	VEL	Kostnaður Velferðarsviðs			
2. Móttökuáætlanir leikskóla.	Settur verði af stað rýnihópur leikskólastjóra, deildarstjóra og verkefnastjóra frá fagskrifstofu leikskólamála sem hefur það hlutverk að endurskoða handbækur og leiðbeiningar sem til eru vegna móttöku, aðlögunar og samstarfs við foreldra barna af erlendum uppruna. Hlutverk hópsins verði að meta hvort þörf er fyrir breytingar á fyrirliggjandi leiðbeiningum um móttöku vegna barna af erlendum uppruna í leikskóla borgarinnar.	vor 2019	Leikskólaskrifstofa og leikskólar	Leikskólaskrifstofa	Án kostnaðar			

3. Móttökuáætlanir í frístundastarf	Alltaf verði kallaður til aðili frá frístundaheimili eða félagsmiðstöð þegar nemandi með annað móðurmál en íslensku er innritaður í grunnskóla. Kynnt verði fyrir foreldrum gjaldfrjáls frístundaheimili fyrstu þrjá mánuðina fyrir börn sem eru ný í íslensku málumhverfi. Frístundakortið verði einnig kynnt fyrir foreldrum á móttökufundum. Þá er vísað í fyrstu tillögu starfshópsins um móttöku í hverfum og lögð áhersla á aukið samstarf skóla, þjónustumiðstöðva og frístundamiðstöðva þegar tekið er á móti nýjum nemendum í hverfi og skóla.	haust 2018	Grunnskólar og frístundamiðstöðvar	Framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva og skólastjórar grunnskóla	Án kostnaðar			
4. Aukinn stuðningur við móttöku, skipulag náms og kennslu grunnskólanemenda með íslensku sem annað tungumál í grunnskólum.	a. Þeir grunnskólar sem eru með 30% - 50% hlutfall nemenda með íslensku sem annað tungumál fái til viðbótar við grunnmönnun, 75% stöðugildi umsjónaraðila. Grunnskólar með yfir 50% barna fái 100% stöðugildi umsjónaraðila.	Haust 2019	Grunnskólar og MML	Sviðsstjóri SFS	Laun: 13.878.000 Annar kostnaður 1.200.000 Samtals: 15.078.000	Laun: 27.755.000	Laun: 27.755.000	

<p>4.b.</p>	<p>b. Tryggður verði aðgangur að sænska matstækinu sem verið er að þróa og staðfæra fyrir íslenska skóla. Byrjað verði á að prufukeyra fyrsta hluta matstækisins 2019 og bætt við eftir því sem það verður tilbúið.</p>	<p>Byrjað verði að prufukeyra matstækið í nokkrum grunnskólum vor 2019</p>	<p>Grunnskólar, MML, Menntamálastofnun, önnur sveitarfélög</p>	<p>Sviðsstjóri SFS</p>	<p>Túlkabjónusta 1klst (kr. 9500) 259 nemendur= 2.460.500</p>	<p>Túlkabjónusta 2klst (9500x2=19.000) 265 nemendur= 5.035.000</p>	<p>Túlkabjónusta 2klst (9500x2=19.000) 265 nemendur= 5.035.000</p>	<p>Ekki er gert ráð fyrir að matstækið muni kosta sveitarfélagið neitt. Kostnaður mun felast í launum fyrir þá sem vinna með matið. Kostnaður v. túlkabjónustu mun aukast. Við útreikning er stuðst við áætlun hagstofnunar bls. 9. Mynd nr. 5 í skýrslunni Velkomin.</p>
<p>4.c.</p>	<p>c. Stöðugildi ráðgjafa við <i>Miðju máls og læsis</i> verði aukið með það að markmiði að þróa verklag um móttöku og könnun á stöðu nemenda við upphaf grunnskólagöngu stuðning við skóla og skipulag námsúrræða að loknu mati.</p>	<p>Haust 2019</p>	<p>Grunnskólar og MML</p>	<p>Sviðsstjóri SFS</p>	<p>Laun: 4.800.000 Annar kostnaður: 300.000 Samtals: 5.200.000</p>	<p>Laun: 8.900.000</p>	<p>Laun: 8.900.000</p>	
<p>5. Bætt upplýsingagjöf við skólaskil barna úr leikskóla og yfir í grunnskóla og frístundaheimili.</p>	<p>Upplýsingum um stöðu barna með annað móðurmál en íslensku verði miðlað með markvissum hætti frá leikskóla- til grunnskóla og frístundaheimila. Þannig verði hægt að leggja grundvöll að áframhaldandi námi barna í grunnskóla frá byrjun. Hugað verði sérstaklega að því að kynna fyrir foreldrum skipulag náms og kennslu í grunnskólanum, hlutverk skólaforeldra og starfsemi frístundaheimila.</p>	<p>Vorönn 2019</p>	<p>Leikskólar og grunnskólar</p>	<p>Skólastjórnendur og deildarstjórar beggja skólastiga</p>	<p>Án kostnaðar</p>			

<p>6. Stoðdeild móttöku fyrir nemendur í 3-10 bekk með litla eða óstöðuga skólagöngu.</p>	<p>Sett verði á laggirnar stoðdeild við einn grunnskóla í borginni þar sem þróað verður starf fyrir börn í 3.-10. bekk sem þurfa sérþækan stuðning við að hefja nám í íslenskum grunnskóla. Í þessum hópi eru börn flóttafólks, umsækjenda um alþjóðlega vernd og í einhverjum tilvikum börn innflytjenda sem ekki hafa skólagöngu að baki eða talið er að þurfi mikinn stuðning við nám í íslenskum grunnskóla. Gert er ráð fyrir mótframlagi vegna endurgreiðslu ríkisins á grundvelli samnings um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd. Gera þarf ráð fyrir mögulegum aksturskostnaði háð staðsetningu og búsetu nemenda. Stefnt er að því að deildin verði í húsnæði sem nú þegar er í húsnæði SFS en öðrum kosti þarf að gera ráð fyrir leigu rýmis sem er u.þ.b. 120 m2 eða tvær kennslustofur.</p>	<p>Undirbúningur hefst vor 2019</p>	<p>MML, stoðdeild, viðkomandi grunnskóli TUAV</p>	<p>Sviðsstjóri SFS</p>	<p>Stofnkostnaður: 2.500.000. Laun: 20.110.000. Rekstartkostnaður: 1.840.000 Hlutdeild í mótframlagi frá ríki: -10.000.000 Samtals: 14.450.000</p>	<p>Laun: 40.220.000 Rekstrarkostnaður: 3.680.000. Hlutdeild í mótframlagi frá ríki: -10.000.000 Samtals: 33.900.000</p>	<p>Laun: 40.220.000 Rekstrarkostnaður : 3.680.000. Hlutdeild í mótframlagi frá ríki: -10.000.000 Samtals:33.900.000</p>	<p>Gert er ráð fyrir mótframlagi vegna endurgreiðslu ríkisins á grundvelli samnings.</p>
<p>7. Aukið fjármagn og bætt verklag vegna grunnskólanemenda með íslensku sem annað tungumál.</p>	<p>Fjármagn til kennslu íslensku sem annars tungumáls verði aukið og haldist í hendur við þróun nemendafjölda. Grunnskólar útbúi heildaráætlun vegna móttöku og skipulags náms nemenda með íslensku sem annað mál sem hluta af starfsáætlun. Við mótun og innleiðingu heildaráætlunar verði hægt að leita til fjölmenningatrygmis SFS, ráðgjafa og brúarsmiða <i>Miðju máls og læsis</i>.</p>	<p>Vor 2019</p>	<p>Grunnskólaskrifstofa, fjármálaskrifstofa, grunnskólar</p>	<p>Sviðsstjóri SFS</p>	<p>Úthlutun til ÍSL2 aukist um 61.000.000</p>	<p>61.000.000.</p>	<p>61.000.000.</p>	

8. Þróunarverkefni	Sett verði af stað þrjú þróunarverkefni sem miði að því að: a. Efla móttöku, aðlögun og skipulag náms barna þeirra sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd. Sérstök áhersla verði á að skoða hvernig mæta má þörfum barna með áfallastreituröskun. b. Byggja brú fyrir nemendur úr grunnskóla yfir í framhaldsskóla. c. Sumarnámskeið fyrir nýkomna nemendur þar sem áhersla verður lögð á kennslu íslensku sem annars máls og samfélagsfræðslu.	Unnið verði að gerð umsókna og mótun verkefna 2018-2020.	Fjölmenningarteymi og <i>Miðja máls og læsis</i> í samstarfi við fagskrifstofu og Nýsköpunarmiðstöð. SFS leiti eftir innlendum og erlendum samstarfsaðilum.	Fjölmenningarteymi	Leitað eftir styrkjum, kostnaður SFS verði í formi vinnuframlags				
9. Samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu	Haldið verði áfram að þróa samtal við samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu SSH með það að markmiði að efla samráð kennsluráðgjafa sem hafa með málaflokkinn að gera og þróa samræmt verklag vegna móttöku nýrra nemenda. Byggt verði á því matstæki sem nú er í þróun hjá sveitarfélögunum Árborg, Hafnarfirði og Reykjanesbæ í samstarfi við Menntamálastofnun.	Hefjist haust 2018	Fjölmenningarteymi, MML,	Sviðsstjóri SFS	Án kostnaðar				
Samtals kostnaður:						97.188.500	136.590.000	136.590.000	